



AÐALSKIPULAG REYKHÓLAHREPPS 2006-2018.

Greinargerð fyrir breytingu á Reykhólum og Kirkjubóli

**14. 07. 2014**

**Breyting á aðalskipulagi**

**Reykholahrepps**

**2008-2018**



**Reykholahreppur**

**14. 07. 2014**



**LANDMÓTUN.**

Yngvi Þór Loftsson  
Margrét Ólafsdóttir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_ 20\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

\_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 11.7. 2014.

# 1 Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	4
2	Aðdragandi og markmið .....	4
3	Forsendur .....	4
3.1	Íbúar og atvinna.....	4
3.2	Jarðhiti .....	5
3.3	Kjarrlendi .....	5
3.4	Tengsl við aðrar áætlanir .....	6
4	Breytingar á aðalskipulagi. ....	6
4.1	Breytingar í þéttbýli. ....	6
4.2	Breytingar í dreifbýli. ....	7
5	Samráð.....	9
6	Áhrif breytingar á umhverfið.....	11
6.1	Valkostir .....	11
6.2	Umhverfisþættir .....	11
6.3	Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum .....	12
7	Heimildaskrá.....	15

## Myndaskrá

Mynd 1. Ársverk í Reykhólahreppi 1997 (Heimild. Byggðarannsóknir HA).....	5
Mynd 2. Sýnir hluta nýrra lóða í landi Kirkjubóls, grænar skálínur er afmörkun birkikjarrs skv. Skógrækt ríkisins.....	8

# 1 Inngangur

Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 var staðfest þann 24. ágúst 2009 og er hér gerð breyting á þéttbýlisupprætti, þéttbýlismörkum og sveitarfélagsupprætti. Samhliða breytingu á aðalskipulagi er unnið að tillögu að deiliskipulagi fyrir sjávarböð að Reykhólum.

Viðfangsefni breytingarinnar í þéttbýli Reykhóla er að breyta skilgreindri afmörkun þéttbýlisins, reitur V-3 er færður að Stekkjarvogi, gönguleiðir endurskoðaðar, ný náma, afmörkun nýrra hafnarmannvirkja og iðnaðarsvæðis. Í dreifbýlinu er gerð leiðrétting á númerum frístundabyggðar og frístundabyggðasvæði í landi Kirkjuból F-12 stækkað.

# 2 Aðdragandi og markmið

Heilsulind að Reykhólum hefur lengi verið til umræðu og er reitur V3 afmarkaður fyrir heilsuhótel. Sú staðsetning þótti ekki heppileg þar sem hótelið myndi standa hátt í landinu og því hefur verið leitað að heppilegri stað.

Ráðgjafahópurinn Eyland Vatnavinir vinna nú að deiliskipulagi fyrir Reykhólahrepp og Sjávarsmiðjuna en þau fengu styrk úr Framkvæmdarsjóði Ferðamannastaða í nóvember 2012. Styrkurinn var veittur til þróunarvinnu og mótun sameiginlegrar sjálfbærrar framtíðarsýnar fyrir svæðið á milli byggðar og sjávar. Á svæðinu eiga að vera nýjar heilsulindir sem munu vera aðgengilegar almenningi sem og ferðafjölustuaðilum sem hafa hug á að nýta aðstöðuna.


Í aðalskiplagi Reykhólahrepps 2006-2018 voru markmið sveitarfélagsins í atvinnumálum; m.a. að leggja áherslu á;

- Gott framboð á verslunar- og þjónustulóðum.
- Að kannaðir verði möguleikar á uppbyggingu heilsuhótels á Reykhólum sem nýtur góðs af jarðhita og nálægð við sjó.

# 3 Forsendur

## 3.1 Íbúar og atvinna

Á Reykhólum búa um 130 manns og er þéttbýlið þjónustumiðstöð fyrir Reykhólahrepp. Landbúnaður er mikilvægasta atvinnugreinin í sveitarfélaginu og árið 1997 voru um 33% ársverka í hreppnum í landbúnaði. Af öðrum atvinnugreinum er þjónusta stærst með ríflega 19% ársverka og tengjast þau flest skólanum og dvalarheimili aldra á Reykhólum. Með Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum hlaut iðnaður aukið vægi en verksmiðjan er stærsti einstaki vinnuveitandinn í Reykhólahreppnum og starfa þar um 20 manns. Ekki eru nýrri tölur aðgengilegar en á mynd 1 en þar má sjá atvinnuskiptingu í Reykhólahreppi árið 1997. Á vegum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða er verið að vinna samantekt á atvinnuskiptingu en þær tölur verða ekki birtar fyrr en eftir hálft ár. Samkvæmt grófum bráðabirgða tölum þá er atvinnuskiptingin á svæðinu í dag mjög svipuð árinu 1997 og er landbúnaður ennþá ríkjandi atvinnugrein.



Mynd 1. Ársverk í Reykhólahreppi 1997 (Heimild. Byggðarannsóknir HA)

Í markmiðum aðalskipulags Reykhólahrepps fyrir búsetu og byggð segir; „*Stefnt skal að eflingu atvinnugreina tengdum ferðaþjónustu og útvíst þannig að Reykhólahreppur verði eftirsóttur staður fyrir ferðamenn.*“

### 3.2 Jarðhiti

Á Reykhólum á Reykjanesi er mestur jarðhiti í sveitarfélaginu. Megin jarðhitasvæðið liggur við sunnanverða hæðina sem Reykhólabbyggð stendur á. Allar helstu hveraþyrpingar á svæðinu raðast á línu með stefnu NV-SA sem nær frá Höllustaðalaugum, um Reykhóla að Einireyki við Langavatn. Fyrst var borað á Reykhólum 1967 og fengust þá um 15-20 l/sek af 100°C heitu vatni. Nú gefur svæðið 70 l/sek af 114°C heitum jarðhitavökva. Jarðhitinn á Reykhólum hefur verið nýttur til hitaveitu og þurrkunar á þangi í Þörungaverksmiðjunni og enn fremur til ylræktar.

Nýtingarmöguleikar jarðhita eru einkum þessir:

- Í húshitun; íbúðarhúsnæði, útihús og sumarhús.
- Í iðnaður, sbr. Þörungaverksmiðjan á Reykhólum.
- Upphitun sundlauga, sbr. Reykhóla og Djúpadal.
- Ræktun; ylrækt og fiskeldi.
- Heilsustarfsemi.
- Hverasvæði hefur aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

### 3.3 Kjarrlendi

Í Reykhólahreppi finnst kjarrlendi víða, allt frá Berufirði og vestur í Múlasveit. Kjarrlendi er samfelldast meðfram strönd Berufjarðar og Þorskafjarðar, þar sem það vex alveg niður í sjó og teygir sig upp í 350 metra hæð í Gufudal. Í Múlasveit er samfelldasta kjarrlendið í fjarðarbotnum. Hins vegar er lítið um kjarr við sunnanvert Reykjanes. Í markmiðum um frístundabyggð í aðalskipulagi Reykhólahrepps segir m.a. að gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð. Leiðir að því markmiði eru;

- Þar sem frístundabyggð er þegar á svæði sem vaxin eru upprunalegu birkikjarri skal gæta þess að ekki verði hruflað við birkiskógum við frekari framkvæmdir.
- Ný frístundabyggðasvæði skulu vera fyrir utan eða í jaðri náttúrulegra birkiskóga eða kjarri vaxinna staða.

### 3.4 Tengsl við aðrar áætlanir

Heiti áætlana	Tengsl breytingar á aðalskipulagi við áætlunina
Verndaráætlun Breiðafjarðar í samræmi við lög nr. 54/1995	Ný staðsetning verslunar- og þjónustusvæðis er innan svæðisins og nýtt iðnaðar- og hafnarsvæði. Breytingin verður lögð fyrir Breiðafjarðanefndina og samráð haft við nefndina.
Minjavernd	Skipulagsáætlunin mun stuðla að varðveislu þessara svæða.
Lög og reglugerðir	Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Lög um menningarminjar nr. 80/2012 Lög um náttúruvernd nr.44/1999. Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulagslög nr. 123/2010. Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

## 4 Breytingar á aðalskipulagi.

### 4.1 Breytingar í þéttbýli.

Þéttbýlismörkum Reykhóla er breytt þar sem svæði fyrir verslun- og þjónustu, V3, er fært vestan við núverandi þéttbýlismörk en eðlilegt þykir að heilsuhótelið sé innan þéttbýlis. Gönguleiðir eru lagfærðar og bætt við nýjum gönguleiðum með nýrri skýringu þar sem er takmarkað aðgengi á varptíma. Gert er ráð fyrir nýjum aðkomuvegi að svæðinu.

**Gerð er breyting á kafla 3.4 Verslun og þjónusta** þar sem svæðið V3 er fært sunnan Reykhóla og stækkað í um 4,7 ha. Gert er ráð fyrir að heildar byggingarmagn verði um 4000m<sup>2</sup> í stað 300m<sup>2</sup>.

Taflan hér fyrir neðan sýnir skilgreiningu fyrir verslunar- og þjónustusvæði eftir breytingu á aðalskipulagi.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
V1	Álftaland	Gistiheimilið Álftaland. Stærð lóðar, 0,8 ha.
V2/S2	Safnasvæði	Sameiginleg verslunar- og þjónustulóð. Stærð lóðar 0,9 ha.
V3	Heilsuhótel	Gert er ráð fyrir um 4000 m <sup>2</sup> húsi á 4,7 ha lóð.

**Gerð er breyting á kafla 3.6. lðnaðarsvæði** þar sem bætt er við svæði I3, 0,13 ha lóð sem er núverandi lóð fyrir saltverksmiðju.

Taflan sýnir lðnaðarsvæði eftir breytingu á aðalskipulagi.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
I1	Þörungaverksmiðjan	Á lóðinni er húsnæði Þörungaverksmiðjunnar og þar er einnig gert ráð fyrir möguleika á skeldýraeldi . Stærð svæðis er um 2,8 ha.
I2	Eldisstöð	Gert er ráð fyrir iðnaðarlóð fyrir sæeyrnaeldi á um 0,5 ha lóð.
I3	Saltverksmiðja	Lóð fyrir saltverksmiðju, stærð lóðar um 1270 m <sup>2</sup> .

**Gerð er breyting á kafla 3.7 Hafnarsvæði** H1 stækkar úr 1 ha í 2 ha aðalskipulagið er uppfært að núverandi landnotkun. Farið var í þessar framkvæmdir árið 2010. Taflan sýnir hafnarsvæði eftir breytingu. Ekki hefur verið gerð fornleifaskráning á svæðinu enda er þetta í sjó.

Nr.	Heiti	Lýsing
H1	Reykhólahöfn	Bryggjukantar: 90 m Mesta dýpi við kant 4 m á 43 m kafla. lðnaðarhöfn. Þörungaverksmiðjan á Reykhólum. Bryggja óvarin fyrir öldu. <sup>1</sup> Stærð svæðis 2 ha.

**Gerð er breyting á kafla 3.8 svæði undir frístundabyggð** þar sem svæði F1 er felld út. Eftir það er ekkert svæði í þéttbýlinu á Reykhólum afmarkað fyrir frístundabyggð.

**Bætt er við nýjum kafla 3.17 Efnistökusvæði** þar sem bætt er við malarnámu E1 og inn í þann kafla kemur eftirfarandi tafla. Malarnáman er á þegar röskuðu svæði og hefur verið tekið efni úr henni. Ekki hefur verið gerð fornleifaskráning enda er þetta þegar opin náma.

Nr.	Heiti	Lýsing
E1	Reykhólar	Malarnám 10.000m <sup>3</sup> á 5.000 m <sup>2</sup> svæði. Frágangsáætlun námunnar er að malarnámi loknu verður námufláinn jafnaður og öðru efni í námubörmunum er jafnað yfir sárið.

## 4.2 Breytingar í dreifbýli.


Gerðar eru tvær breytingar í dreifbýli Reykhólahrepps. Í fyrsta lagi verður breytt afmörkun þéttbýlisins á Reykhólum og í öðru lagi er breytt afmörkun frístundabyggðar í landi Kirkjubóls.

**Gerð er breyting á kafla 2.3.8 svæði fyrir frístundabyggð** þar sem stækkað er frístundabyggðarsvæði í landi Kirkjubóls. Breytingin felur í sér að frístundabyggðarsvæðið F12 stækkar úr 0,9 ha í um 119 ha þar sem gert er ráð fyrir 22 lóðum. Lóðirnar eru innan jarðarinnar Kirkjubóls en liggja ekki saman og er gert ráð fyrir sér aðkomuvegi að flestum lóðunum. Hluti lóðanna eru innan svæðis með náttúrulegu birkikjarri, sjá mynd 2. Náttúrulegir birkiskógar eða kjarri vaxnir staðir njóta ákveðinnar

<sup>1</sup> Heimasiða Siglingastofnunar Íslands, [www.sigling.is](http://www.sigling.is) 10. apríl 2008.



verndar samkvæmt stefnu aðalskipulagsins (sbr. bls. 6) sem er í samræmi við tillögur stjórnvalda um vernd og endurheimt birkiskóga. Ekki verður leyfilegt að byggja frístundahús innan svæðisins nema að fyrirliggji samþykkt deiliskipulag. Í deiliskipulagi verður ákveðið nánar hvar verður leyfilegt að byggja innan svæðisins til þess að skerða ekki náttúrlegan birkiskóg. Aðkomuvegir eiga heldur ekki að skerða náttúrlegan skóg. Einnig er gerður fyrirvari um hættumat svæðisins en verður það unnið í tengslum við deiliskipulag.



**Mynd 2.** Sýnir hluta nýrra lóða í landi Kirkjubóls, grænar skálínur er afmörkun birkikjarrs skv. Skógrækt ríkisins.

Á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags Reykhólahrepps er reitur F-12 frístundabygðasvæði í landi Kirkjubóls en í greinargerð hafa svæði F-11 og F-12 víxlást. Einnig vantar tvö svæði sem sýnd eru á sveitarfélagsuppdrætti en ekki í greinargerð svæði F-13 og F-14, þeim hefur verið bætt við greinargerðina.

Hér fyrir neðan er breytt tafla úr aðalskipulaginu.

F10	Grónes í Gufudalssveit	Á svæðinu eru 3 sumarhúsaloðir og er gert ráð fyrir að þeim geti fjölgað í allt að 10 eins og skilgreint verður í deiliskipulagi. Stærð svæðis er um 10 ha. * Deiliskipulag samþykkt 02.08. 2001.
F11	Fremri-Gufudalur	Veiðihús og 4 sumarhús, svæðið er um 24 ha.
F12	Kirkjuból við Kvigindisfjörð	Á svæðin er eitt sumarhús skv. deiliskipulagi frá 2000. Stærð svæðisins er um 119 ha. Gera þarf deiliskipulag þ.s. nánar verður útfært hvar má framkvæma til þess að skerða ekki náttúrlegan skóg og kjarr.
F13	Kvigindisfjörður	Á svæðinu er fjögur sumarhús, stærð svæðis um 5 ha.
F14	Skákmarnesmúli	Á svæðinu er eitt sumarhús, Stærð svæðis er um 2 ha

## 5 Samráð

Verklag aðalskipulags miðar að því að það sé opið og unnið í nánu samstarfi við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Samráð var haft við Skipulagsstofnun og aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins vegna lýsingar á skipulagsverkefni. Skipulagslýsing var auglýst á netinu og aðgengileg fyrir hagsmunaaðila og íbúa. Samráð var haft við eftirfarandi umsagnaraðila um lýsinguna;

UMSAGNARAÐILI	ATHUGASEMDIR	VIÐBRÖGD
Skipulagsstofnun	<p>Stofnunin segir að í tillögunni þurfi að gera grein fyrir því hvaða þýðingu verndarákvæði og takmarkanir á landnotkun hafa á tillögur að breytingum og hvernig einstaka þættir tillögunnar samræmast verndarsjónarmiðum.</p> <p>Benti á að yfirfara þarf töflu um tengsl við aðrar áætlanir og draga fram hvaða lagaákvæði eða umhverfisverndarsjónarmið eru lögð til grundvallar við mat á áhrifum breytingarinnar.</p> <p>Að mati Skipulagsstofnunar þurfti að endurskoða stefnu og framsetningu svæða fyrir frístundabyggð í landi Kirkjubóls, sína svæðið sem eitt samfelldt svæði. Í breytingunni þarf að setja skýr ákvæði um fyrirkomulag húsa fyrir deiliskipulagsgerð sbr. stefnu aðalskipulagsins um að ný svæði fyrir frístundabyggð skulu vera fyrir utan eða í jaðri náttúrulegra birkiskóga eða kjarri vaxinna staða.</p> <p>Bent er á að hafa samráð við Skógrækt ríkisins snemma í ferlinu.</p>	<p>Greint hefur verið frá því hvaða þýðingu verndarákvæði og takmarkanir á landnotkun hafa á tillögur að breytingum.</p> <p>Taflan hefur verið yfirfarin.</p> <p>Sett eru ákvæði um að byggingarreitir og aðkomuvegir í deiliskipulagi verði ekki þar sem náttúrlegir birkiskógar eru.</p> <p>Tillagan verður send til umsagnar Skógræktar ríkisins á auglýsingar tíma.</p>

Breiðafjarðarnefnd	Gerir enga athugasemd en leggur áherslu á að ýrtruð reglum um mengunarvarnir verði fylgt og að náttúran og dýralífið verði fyrir sem minnsti röskun.	
Veðurstofa Íslands	Ekki borist.	
Minjastofnun Íslands	Bendir á að lögbundin fornleifaskráning hafi ekki verið unnin í Reykhólahreppi.	Gerð hefur verið fornleifaskráning af Fornleifastofnunni í nágrenni V-3 að Reykhólum. Ekki hefur verið gerð fornleifaskráning utan við þéttbýlið og þarf að gera það samhliða deiliskipulagi.
Samgöngustofu (Vegagerðina)	Engar athugasemdir við breytingarnar.	
Umhverfisstofnun	Að mati Umhverfisstofnunar er um mikla stækkun á verslunar- og þjónustusvæði. Lóðin ætti ekki að fara inn á svæði sem er verndað með lögum. Hafnarsvæðið er innan verndarsvæðis. Stofnunin bendir á að athuga þurfi hvort um tilkynningarskylda framkvæmd sé að ræða. Forðast skal óþarfarask. Bendir á að leyfa ný frístundabyggðarsvæði á svæði vöxnu birkikjarri samræmist ekki aðalskipulagi Reykhólahrepps. Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að gera ráð fyrir nýjum lóðum í upprunalegum birkiskógi.	Reynt var að afmarka verslunar- og þjónustusvæði svæðið fyrir utan verndarsvæði Breiðafjarðar. Bent á að stafræn afmörkun sem er aðgengileg inn á <a href="http://www.ust.is">www.ust.is</a> er ekki góð til þess að sýna í mkv. 1:10.000. Þessi stækkun á hafnarsvæðinu var framkvæmd árið 2010. Sett eru ákvæði um að byggingarreitir og aðkomuvegir í deiliskipulag verði ekki þar sem náttúrlegir birkiskógar eru.
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.	Ekki borist.	
Skógrækt ríkisins.	Ekki borist.	
Helbrigðiseftirlit Vestfjarða.	Gerði ekki athugasemd en bendir á að tryggja þarf að gegnið sé frá fráveitumálum á fullnægjandi hátt og frárennsli frá sumarhúsum sé leitt í rotþrær og siturlögn.	Frágangur fráveita verður gerður í samræði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.

## 6 Áhrif breytingar á umhverfið

### 6.1 Valkostir

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar verður gerður samanburður við „núllkost“, sem felst í óbreyttri stefnu miðað við gildandi aðalskipulag.

Valkostur 1: Breytt afmörkun reita.

### 6.2 Umhverfispættir

Helstu þættir breytingartillögunnar sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum eru þættir á framkvæmdatíma við byggingu baðanna og áhrif á samfélag við uppbygginguna og eftir að starfsemi hefst í húsinu. Hafnarframkvæmdir, efnistaka, nýr aðkomuvegur og ný frístundabyggð.

Þeir umhverfispættir sem helst verða fyrir áhrifum eru hagrænir og félagslegir þættir, áhrif á heilsu og áhrif nýrra bygginga á vistkerfið og menningarminjar á framkvæmdatíma.

Í greinargerð að breytingu á aðalskipulagi verður fjallað um eftirfarandi umhverfispætti:

- Efnahagur og atvinnulíf.
- Íbúðpróun.
- Náttúruvá.
- Gróður og dýralíf.
- Menningarminjar.
- Landslag.

Val á þessum umhverfispáttum byggist á greiningu á því hvaða þættir umhverfisins gætu orðið fyrir áhrifum vegna skipulagsbreytingarinnar. Greint verður frá mögulegum mótvægisáðgerðum og vöktun ef í ljós kemur að umhverfisáhrif í einhverjum af áðurtöldum þáttum eru talin veruleg.

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Vægi áhrifa	Skýring
Jákvæð +	Jákvæð áhrif á umhverfispátt. Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast <i>svæðis</i> - eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin.
Óveruleg/Óljós eða á ekki við 0/?	Óveruleg eða óljós áhrif á umhverfispátt. Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin. Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfispætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.
Neikvæð -	Neikvæð áhrif á umhverfispátt. Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrfars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.

### 6.3 Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum

Eftirfarandi töflur eru niðurstaða mats á umhverfisáhrifum.

#### Verslun og þjónusta að Reykhólum

Umhverfisþættir	Vægi	Lýsing	Viðmið
<b>Efnahagur og atvinnulíf</b>	<b>+</b>	Með stækkun á verslunar- og þjónustusvæði að Reykhólum koma ný og fjölbreytt atvinnutækifæri fyrir sveitarfélagið. Gætu skapast afleidd störf í ferðaþjónustu.	Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018; með uppbyggingu frístundabygðar og verslun og þjónustu er ætlunin að laða að ferðamenn. Stefnt er að Reykhólahreppur geti boðið upp á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem tekur tillit til umhverfisins. Þróun atvinnulífsins taki mið af sérstöðu byggðalagsins í landbúnaði, iðnaði, öflugri þjónustu við ferðamenn og nýtingu jarðvarma á svæðinu.
<b>Íbúðapróun</b>	<b>+</b>	Gera má ráð fyrir að fjölbreytt atvinnulíf og ný atvinnutækifæri í sveitarfélagi hafi jákvæð áhrif á íbúðapróun.	Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 tölur um íbúðapróun byggðar á tölum frá Hagstofu Íslands mannfjöldi eftir sveitarfélögum.
<b>Náttúruvá</b>	<b>0</b>	Lítill eða engin hættu er á ofanflóðum í þéttbýlinu á Reykhólum og á svæði umhverfis það skv. könnun á hættu vegna ofanflóða í þéttbýli á Íslandi, Veðurstofa Íslands.	Um fjöllum um náttúruvá í Aðalskipulag Reykhólahrepps. Hættusvæði eru skilgreind í þrjá flokka: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hættusvæði A er þar sem staðaráhætta* er 0,3 til 1 af 10.000 á ári.</li> <li>• Hættusvæði B er þar sem staðaráhætta er 1 til 3 af 10.000 á ári.</li> <li>• Hættusvæði C er þar sem staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000 á ári.</li> </ul>
<b>Gróður og dýralíf</b>	<b>0</b>	Framkvæmdirnar eru á velgrónu svæði. Þess verður gætt að rask verði sem minnst á svæðinu. Skilgreindar eru nýjar gönguleiðir í nágrenni svæðisins m.a. fyrir gesti. Þær sem fara um varpsvæði verða lokaðar á varptíma. Svæðið liggur við Breiðafjörð sem er friðlýstur. Ekki hefur verið kannað hvort á svæðinu séu plöntur á valista Náttúrufræðistofnunar.	Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða. Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur. Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr. 6 gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. 1. gr reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. <i>Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.</i>
<b>Menningarminjar</b>	<b>0</b>	Fornleifaskráning hefur verið gerð í kringum V-4 og afmörkun verslunar- og þjónustusvæðis verið aðlagð að fornleifaskráning. Fornleifum má enginn spilla granda né breyta ekki heldur hylja þær laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Minjaverndar. Þar sem sýnt þykir að fornleifar komi til með að verða fyrir raski vegna framkvæmda ber að tilkynna það Minjavernd sem ákvarðar hvort fjarlægja megi minjarnar eða hvort frekari mótvægisáðgerða sé þörf.	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.
<b>Landslag</b>	<b>0</b>	Breytingin hefur ekki áhrif á sérstætt eða fágætt landslag skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Svæðið liggur þó við Breiðafjörð sem er friðlýstur.	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjasrá. Megineinkenni

		landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags. Lög um vernd Breiðaf
--	--	---

### Hafnarsvæði og efnistökusvæði

Umhverfispættir	Vægi	Lýsing	Viðmið
<b>Efnahagur og atvinnulíf</b>	<b>+</b>	Með stækkun Hafnarsvæðis er möguleiki á nýjum atvinnutækifærum svo sem saltverksmiðju sem hefur hafið starfsemi sína.	Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018, Tryggt verði nægjanlegt framboð rúmra lóða fyrir hafnsækna starfsemi.
<b>Íbúaupróun</b>	<b>+</b>	Fjölbreyttari atvinnulíf og ný atvinnutækifæri í sveitarfélagi má gera ráð fyrir að hafi jákvæð áhrif á íbúaupróun.	Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 tölur um íbúaupróun byggðar á tölum frá Hagstofu Íslands mannfjöldi eftir sveitarfélögum.
<b>Náttúruvæ</b>	<b>0</b>	Lítill eða engin hættu er á ofanflóðum í þéttbýlinu á Reykhólum og á svæði umhverfis það skv. Könnun á hættu vegna ofanflóða í þéttbýli á Íslandi, Veðurstofa Íslands.	Aðalskipulag Reykhólahrepps, umfjöllun um náttúruvæ. Hættusvæði eru skilgreind í þrjá flokka: • Hættusvæði A er þar sem staðaráhætta* er 0,3 til 1 af 10.000 á ári. • Hættusvæði B er þar sem staðaráhætta er 1 til 3 af 10.000 á ári.
<b>Gróður og dýralíf</b>	<b>0</b>	Framkvæmdirnar eru á svæði sem er innan friðlýsingar Breiðafjarðar. Gæta þarf þess að svæðið raski ekki verndargildi svæðisins. Forðast þarf óþarfarask.	Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr. 6 gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. 1. gr reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.
<b>Menningarminjar</b>	<b>?</b>	Svæðin eru þegar röskuð af framkvæmdum. Ekki er vitað um fornleifar á svæðinu. Landfyllingin er úti í sjó. Fornleifum má enginn spilla granda né breyta ekki heldur hylja þær laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Minjaverndar. Þar sem sýnt þykir að fornleifar komi til með að verða fyrir raski vegna framkvæmda ber að tilkynna það Minjavernd sem ákvarðar hvort fjarlægja megi minjarnar eða hvort frekari mótægisaðgerða sé þörf.	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.
<b>Landslag</b>	<b>0</b>	Breytingin hefur ekki áhrif á sérstætt eða fágætt landslag skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Svæðið liggur þó við Breiðafjörð sem er friðlýstur. Forðast þarf óþarfa rask.	Sérstaða/fágæti landslags út frá visbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjasrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags. Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

## Frístundabyggð

Umhverfisþættir	Vægi	Lýsing	Viðmið
<b>Efnahagur og atvinnulíf</b>	<b>0</b>	Frístundabyggðasvæði hefur óveruleg áhrif á efnahag- og atvinnulíf. Gæti þó verið einhver jákvæð áhrif þá helst á uppbyggingartíma.	Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018; með uppbyggingu frístundabyggðar og verslun og þjónustu er ætlunin að laða að ferðamenn. Stefnt er að Reykhólahreppur geti boðið upp á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem tekur tillit til umhverfisins. Þróun atvinnulífsins taki mið af sérstöðu byggðalagsins í landbúnaði, iðnaði, öflugri þjónustu við ferðamenn og nýtingu jarðvarma á svæðinu.
<b>Íbúapróun</b>	<b>0</b>	Óverulega áhrif á íbúapróun.	Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 tölur um íbúapróun byggðar á tölum frá Hagstofu Íslands mannfjöldi eftir sveitarfélögum.
<b>Náttúruvá</b>	<b>?</b>	Ekki er vitað um sérstaka náttúruvá en gera þarf hættumat í tengslum við deiliskipulag.	Ljóst er að mörg snjóflóð hafa fallið í dreifbýli Reykhólahrepps og settur er því fyrirvari um gerð staðbundins hættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (nr. 49/1997) og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð staðbundins hættumats (nr. 495/2007).
<b>Gróður og dýralíf</b>	<b>0</b>	Frístundabyggðin er á svæði þar sem er náttúrulegt birkikjarr. Í aðalskipulagi er skýrt að ný svæði fyrir frístundabyggð skulu vera fyrir utan eða í jaðri náttúrulegs birkikjarrs. Gæta þarf þess í deiliskipulagi að byggingarreitir verða ekki í kjarrinu.	Aðalskipulag Reykhólahrepps, Þess verði gætt að uppbygging mannvirkja taki mið af náttúrufari viðkomandi svæða þannig að mikilvæg gróðursvæði s.s. votlendi og birkiskógar sem og jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37 gr. náttúrverndarlaga verði ekki skert við uppbyggingu svæða fyrir frístundabyggð. Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga.
<b>Menningarminjar</b>	<b>0</b>	Ekki hefur verið gerð fornleifaskráning á svæðinu en gera þarf fornleifaskráningu í tengslum við deiliskipulag. Fornleifum má enginn spilla granda né breyta ekki heldur hylja þær laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Minjaverndar. Þar sem sýnt þykir að fornleifar komi til með að verða fyrir raski vegna framkvæmda ber að tilkynna það Minjavernd sem ákvarðar hvort fjarlægja megi minjarnar eða hvort frekari mótvægisáðgerða sé þörf.	Aðalskipulag Reykhólahrepps, Áður en deiliskipulagsvinna hefst skal gera úttekt á forminjum á viðkomandi svæði og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins (Minjastofnunar). Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.
<b>Landslag</b>	<b>0</b>	Breytingin hefur ekki áhrif á sérstætt eða fágætt landslag skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags. Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

Niðurstaða matsins er sú að færsla og stækkun verslunar- og þjónustusvæðis að Reykhólum hefur jákvæð áhrif á íbúáþróun, efnahag og atvinnulíf en óljós eru áhrif á náttúruvá, gróður og dýralíf, menningarminjar og landslag.

Stækkun hafnarsvæðis og efnistökusvæði að Reykhólum hefur jákvæð áhrif á íbúáþróun, efnahag og atvinnulíf. Óveruleg eða óljós áhrif á náttúruvá, menningarminjar, landslag og gróður og dýralíf.

Stækkun frístundabyggðar að Kirkjubóli hefur óveruleg eða óljós áhrif á íbúáþróun, efnahag og atvinnulíf, náttúruvá, menningarminjar, landslag og gróður og dýralíf. Í deiliskipulagi þarf að gæta þess vel að byggingarreitir né aðkomuvegir verði ekki í náttúrlegu kjarri. Gera þarf fornleifaskráningu á svæðinu og meta hættu á flóðum.

## **7 Heimildaskrá**

Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018.

Byggðarannsóknir HA, 1997.

Fornleifastofan. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Reykhólum Austur-Barðastrandasýslu. Drög 2014. Óskar Leifur Arnarsson.

Hagstofu Íslands. Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum.

Kirkjuból á Barðaströnd, Reykhólahreppi. Drög að deiliskipulagi júní 2011. Pétur H. Jónsson.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Reglugerð nr. 495/2007 um breytingu á reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Ráðgjafahópurinn Eyland Vatnavinir, 2014, drög að deiliskipulagi.

Skipulagslög nr.123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Umhverfisráðuneytið. Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga. 2007.

Veðurstofa Íslands. Könnun á hættu vegna ofanflóða í þéttbýli á Íslandi. Hörður Þór Sigurðsson og Þórður Arason, 2006.